

## REGLUR um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

### 1. gr.

Við upptalningu kennslugreina í 1. mgr. 94. gr. reglna nr. 569/2009, á eftir málslíðnum „Til MS-prófs í stjórnun og stefnumótun“, bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Til MS-prófs í verkefnastjórnun.

### 2. gr.

Í 2. málslíð b-liðar 1. mgr. 109. gr., á undan orðinu „nytjaþýðingum“, bætist við orðið: annarsmálsfræðum.

### 3. gr.

Í 2. málslíð b-liðar 1. mgr. 113. gr., á undan orðinu „nytjaþýðingum“, bætist við orðið: annarsmálsfræðum.

### 4. gr.

1. mgr. 126. gr. orðast svo:

Jarðvísindadeild veitir kennslu og þjálfun sem hér segir:

- Til BS-prófs í jarðeðlisfræði og jarðfræði.
- Til meistaraprófs, MS-prófs, í jarðeðlisfræði, jarðfræði og jarðvísindum.
- Til doktorsprófs, Ph.D.-prófs, í jarðeðlisfræði, jarðfræði og jarðvísindum.
- ENN fremur veitir deildin kennslu til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræði og öðrum þverfræðilegum greinum í samvinnu við aðrar háskóladeildir, þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi.

### 5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli 7. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 23. nóvember 2015.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Pórður Kristinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2015